

## 078/01 - Hrönn AK 111

Hrönn AK 111, eldur í bátnum og sekkur

### Hrönn AK 111

**Skipaskr.nr.:** 6351

**Smíðaður:** Hafnarfirði 1982 Plast

**Stærð:** 4,46 brl; 4,49 bt

**Lengd:** 8,34 m **Breidd:** 2,42 m **Dýpt:** 1,27 m

**Vél:** Yanmar 113,20 kW **Árgerð:** 1999

**Annað:**

**Földi skipverja:** 1

### Atvikalýsing

Hinn 16. ágúst 2001 fór m.b. Hrönn AK-111 til handfæraveiða frá Skagaströnd. Veður: Hægviðri.

Að kvöldi 17. ágúst (milli kl. 20-22) kom upp eldur frá rafmagnsdrifinni olíumiðstöð í lúkar en skipverjanum tókst fljótlega að slökkva hann með duftslökkvitæki. Skipverjinn sá að olía lak með plastleiðslu sem lá að miðstöðinni eftir að hann hafði slökkt eldinn. Hann kvaðst hafa slegið út rafmagni fyrir miðstöðina og með því að herða á samsetningu á leiðslunni taldi hann sig hafa náð að stöðva lekann.

Eftir að hafa slökkt eldinn tók hann til við að þrifa því slökkviduft hafði dreifst um allt. Hann henti út á þilfar ýmsu dóti, s.s. dýnum, töskunni sinni og fleiru. Að loknum "þrifum" fór skipstjórinn að sofa. Hann vaknaði um kl. 04:00 á laugardag og sigldi í um hálf klukkustund, stöðvaði vélina og hóf veiðar að nýju.

Skömmu eftir að hann hóf veiðar sá hann að reykur kom frá stýrishúsi. Hann opnaði hurð að stýrishúsinu og þá gaus á móti honum reykur og eldur. Úti á þilfari var slökkvitæki frá kvöldinu áður þegar eldur varð laus, sem hann greip og tæmdi það sem eftir var á því ásamt því að reyna að nota spúlslöngu til verksins en ekkert virtist duga.

Hann ákvað að sjósetja gúmmíbjörgunarbat. Þegar báturinn var kominn í sjóinn tók hann aftur til við að reyna að slökkva eldinn en sá að það var tilgangslaust, fór yfir í gúmmíbjörgunarbatinn, skar á fangalínuna og kveikti á neyðarsendinum.

Skipstjóri sagðist hafa séð skip í nokkurri fjarlægð og skaut þá upp neyðarblysi. Þegar hann sá að báturinn sneri í átt til hans slökkti hann á neyðarsendinum. Var honum bjargað um borð í m.b. Mánatind SU-359 skömmu síðar en báturinn brann niður þar til hann sökk.

### Við rannsókn kom fram

- að skipverjinn taldi ekki þörf á að tilkynna fyrra atvikið eða láta neinn vita af því;
- að skipverjinn vissi ekki hve mikil olía hefði lekið niður með plastleiðslunni áður en honum tókst að loka fyrir lekann;
- að eldurinn virtist koma framan frá lúkarnum en erfitt var að fullyrða um það;
- að álitni skipverjans hafði kviknað aftur í út frá miðstöðinni eða að glóð eftir fyrri brunann hafi legið einhversstaðar og náð að kveikja í;
- að einu rafmagnstækin fram í lúkarnum voru miðstöðin og kaffivél;
- að báturinn hafði þremur árum áður verið tekinn í gegn og honum breytt mikið. Þar á meðal var miðstöðin sett ný og verið komið fyrir af fagaðila;
- að miðstöðin sem var af gerðinni Webosto 24V og var bakborðsmeginn í bátnum;
- að skipverjinn sagðist hafa þurft að velta hlera fyrir stýrishúshurðina svo að hann kæmist að gúmmíbjörgunarbatnum á brúarpakinu;
- að erfiðlega gekk að ná til gúmmíbjörgunarbatnsins á brúarpakinu þar sem húsið/pakið var farið að hitna og linast vegna hita;
- að erfiðlega gekk að blása gúmmíbjörgunarbatinn út og þurfti að marg toga í línuna til

að það tækist.

**Nefndarálit**

Nefndin telur ekki unnt að álykta í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.